

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur ákveðið eftirfarandi gjöld fyrir þjónustu vatnsveitu. Gjaldskráin er sett í samræmi við lög nr. 32/2004 og reglugerð nr. 401/2005: Notkunargjald 25 kr. pr. mælt tonn*. Mælaleiga er háð stærð og gerð mælis**.

Mælaleiga.

<i>DN/"</i>	<i>Kennitákn</i>	<i>Mælaleiga pr. ár</i>	<i>Mælaleiga pr. dag</i>
15 / 1/2"	15	7.000 kr.	19,18 kr.
20 / 3/4"	20	7.210 kr.	19,75 kr.
25 / 1"	25	8.439 kr.	23,12 kr.
30 / 1 1/4"	30	9.200 kr.	25,21 kr.
40 / 1 1/2"	40	12.110 kr.	33,18 kr.
50 / 2"T	50 t	13.500 kr.	36,99 kr.
50 / 2"Fl.	50 fl	16.240 kr.	44,49 kr.
65 / 2 1/2"	65	34.122 kr.	93,48 kr.
80 / 3"	80	38.646 kr.	105,88 kr.
100 / 4"	100	45.670 kr.	125,12 kr.
150 / 6"	150	55.112 kr.	150,99 kr.
200 / 8"	200	100.376 kr.	275,00 kr.

* Notkunargjald, sbr. 7. gr. laga nr. 32/2004 og 13. gr. reglugerðar nr. 401/2005 ásamt ákvörðun umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar 29. október 2018.

** Mælaleiga, sbr. 7. gr. laga nr. 32/2004 og 14. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

Með ábyrgð á greiðslu mælaleigu og notkunargjalds fer skv. 14. gr. reglugerðar nr. 401/2005. Notkunargjald og mælaleiga er innheimt eftir á og að öllu jöfnu ársfjórðungslega.

2. gr.

Vatnsgjald, sbr. 6. gr. laga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar nr. 401/2005, er 0,058% af heildar-fasteignamati íbúðarhúsnæðis og 0,09% af öðru húsnæði.

Gjald dagar vatnsgjalds eru þeir sömu og fasteignaskatts.

Með ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds fer samkvæmt lögum nr. 32/2004.

3. gr.

Gjald fyrir heimæðar vatnsveitu í nýbyggingum. Heimæðagjald er greitt fyrirfram*.

Heimæðagjald.

<i>Þvermál heimæðar, PE</i>	<i>Heimæð lengd 0-30 m*</i>	<i>Verð á metra umfram 30 m*</i>
25	204.939 kr.	5.743 kr.
32	212.506 kr.	5.776 kr.
40	285.673 kr.	8.211 kr.
50	322.858 kr.	9.077 kr.
63	366.532 kr.	10.108 kr.
75	387.415 kr.	11.231 kr.
90	575.836 kr.	15.574 kr.
110	719.220 kr.	18.186 kr.

<i>Þvermál heimæðar, PE</i>	<i>Heimæð lengd 0-30 m*</i>	<i>Verð á metra umfram 30 m*</i>
160	1.178.530 kr.	19.861 kr.
225	1.939.856 kr.	25.577 kr.
Heimilt er að krefja byggingaraðila um greiðslu fyrir tengingu og aftengingu á byggingarvatni kr. 15.868.		

* Innifalið er, efni og vinna.

Gjaldskrá er uppfærð í janúar ár hvert m.v. hækkun byggingarvísitölu.

Gjald fyrir stærri heimæðar reiknast sérstaklega.

Þetta verð miðast við að húsbyggjandi leggi til skurð sem grafinn er í frostfrítt dýpi frá tengistað við lóðamörk að tengirými fasteignar og ídráttarröri komið fyrir alla leið inn í tengirými. Ídráttarrör skal vera ídráttarhæft. Ídráttarrör eru afhent hjá Vatnsveitu Hafnarfjarðar að Norðurellu 2, Hafnarfirði.

4. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í umhverfis- og framkvæmdaráði 29. október 2018 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 12. desember 2018. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1272/2011.

F.h. bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar, 4. janúar 2019,

Sigríður Kristinsdóttir sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.

B-deild – Útgáfud.: 21. janúar 2019